

036/01 - Anton GK 68

Anton Gk 68, leki út af Krísuvíkurbjargi

Anton GK 68

Skipaskr.nr.: 1764

Smíðaður: Hafnarfirði 1987 Plast

Stærð: 11,60 brl; 18,50 bt

Lengd: 12,90 m **Breidd:** 3,72 m **Dýpt:** 1,80 m

Vél: Mitsubitshi 147,00 kW **Árgerð:** 1987

Annað:

Földi skipverja: 4



Atvikalýsing

Kl. 20:51 þann 21. apríl 2001 var tilkynnt um leka um borð í m.b. Antoni GK 68 þar sem báturinn var á siglingu út af Krísuvíkurbjargi. Veður: NA-4m/sek. og 2m ölduhæð (undiralda).

Anton GK var á leið til Grindavíkur með mikinn afla og vel siginn. Eftir eina klukkustund og tuttugu mínútna siglingu frá því að síðasta trossa hafði verið dregin, fannst skipstjóranum báturinn hafa sigið umtalsvert og taldi að leki væri kominn að bátnum. Óskaði hann eftir í gegnum Reykjavíkurradíó, að björgunarbátur frá Grindavík kæmi á móts við sig. Björgunarsveitarmenn komu með dælu um borð í Anton GK og komst hann af eigin rammleik til hafnar í Grindavík.

Við rannsókn kom fram

- að sögn skipstjórans telur hann að sjór hafi náð að flæða inn á dekkið og niður um mannop (boxalok), aftast á dekkinu, sem er niður í flotrými aftan við lest bátsins;
- að tenging var á milli lestarinnar og flotrýmisins með ½" slöngu;
- að ekki var hægt að lensa úr rýminu;
- að mikill sjór var kominn í flotrýmið og við dælingu frá björgunaraðilum lyftist báturinn um 2 fet;
- að mannopið er slétt við þilfarið, felld niður í karm og með niðurfelld handfang;
- að þéttihringur fyrir mannopið sat ekki rétt;
- að ekki er ljóst hvenær síðast var farið niður í flotrýmið en það var sjaldan opnað;
- að eftir að þéttihringur var lagaður og þrýstiprófaður, reyndist ekki leka í rýmið;
- að sögn skipstjóra var afli talinn vera á milli 11 og 12 tonn.

Nefndarálit

Nefndin telur að ekki hafi verið gengið á fullnægjandi hátt frá mannopi niður í flotrýmið. Nefndin telur að lensibúnaður eigi að vera við þetta rými.

Tillögur í öryggisátt

1. Nefndin bendir skipstjórnarmönnum á að hafa það fyrir góða reglu að athuga reglulega allar hurðir og/eða op sem geta að einhverju leyti orðið fyrir ágangi sjávar og þar með ógnað öryggi skips. Þetta á ekki síst við um rými sem lítið er gengið um.
2. Nefndin bendir á mikilvægi þess að í þurrýmum sé bæði lensi- og eftirlitsbúnaður.